

## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **18-207F036**


Dags: **26. nóvember 2018**

Staður: **Í aðflugi fyrir flugbraut 13 á Reykjavíkflugvelli**

Lýsing: **TF-IFB flaug í veg fyrir TF-FMS**

Flugbraut 13 var í notkun á Reykjavíkflugvelli og voru fjórar flugvélar annað hvort að koma inn til landingar eða í snertilendingum.

Flugmaður TF-FMS var í sjónaðflugi fyrir flugbraut 13, vinstri undan vindi. Þrjár aðrar flugvélar voru einnig í sjónaðflugi fyrir flugbraut 13 og voru þær í hægri umferðarhring.



Klukkan 15:10:25 kallaði flugumferðarstjóri í flugturni á BIRK í flugmann TF-FMS og lét hann vita að hann yrði númer þrjú (3) inn til landingar, á eftir Technam [TF-IFG] flugvél sem var að beygja inn á hægri þverlegg fyrir flugbraut 13. Staðfesti flugmaður TF-FMS þetta. Einnig bað flugumferðarstjórinn flugmann flugvélar TF-FMS að láta vita þegar hann sæi flugumferðina.

Klukkan 15:11:01 kallaði flugmaður TF-FMS í flugumferðarstjóra í flugturni, þegar hann var yfir Örfirisey, og tilkynnti að hann sæi flugumferð á þverlegg.

Klukkan 15:11:13 gaf flugumferðarstjóri í flugturni flugmanni TF-IFB flugumferðarupplýsingar og tjáði flugmanninum að hann yrði númer fjögur (4) inn til landingar, á eftir

Beech [TF-FMS] sem væri vinstri undan vindi fyrir flugbraut 13. Flugmaður TF-IFB svaraði klukkan 15:11:22 að hann væri númer fjögur (4) og að hann sæi flugumferðina:

**TF-IFB:** *„Number 4 - traffic in sight – India Foxtrot Bravo.“*

Að auki bauð flugumferðarstjórinn flugmann TF-IFB að taka vinstri hring yfir Álfanesi, sem flugmaðurinn þáði klukkan 15:11:33.

Því næst átti flugumferðarstjórinn í flugturni í samskiptum við aðrar flugvélar í um hálfu mínútu.

Klukkan 15:12:10 kallaði flugmaður TF-FMS í flugumferðarstjóra í flugturni, og sagðist vera búinn að missa sjónar af flugumferðinni. Flugumferðarstjórinn svaraði að flugumferðin væri á stuttri lokastefnu:

**TF-FMS:** *„King2 request update on traffic, lost the traffic.“*

**BIRK ATCO:** *„King 2 traffic is on short final.“*

**TF-FMS:** *„Short Final King 2.“*

Því næst átti flugumferðarstjórinn í flugturni í samskiptum við aðrar flugvélar í um 40 sekúndur.

Klukkan 15:13:04 kallaði flugumferðarstjóri í flugturni á BIRK í flugmann TF-IFB og spurði hvort að hann sæi flugumferðina. Flugmaður TF-IFB svaraði klukkan 15:13:10 að hann sæi ekki flugumferðina:

**BIRK ATCO:** *„India Foxtrot Bravo, do you have traffic in sight turning final on RWY King2?“*

**TF-IFB:** *„Traffic is not in sight – India Foxtrot Bravo.“*

Næstu fjarskipti voru frá flugumferðarstjóranum og til flugmanns flugvélar TF-FMS klukkan 15:13:27, um heimild til landingar. Flugmaður TF-FMS staðfesti heimildina:


**BIRK ATCO:** *„King2 wind 110/15 RWY 13, cleared to land.“*

**TF-FMS:** *„Cleared to land – King2.“*

Því næst áttu sér stað samskipti á milli flugturns og annarra flugvéla.

Klukkan 15:14:24 kallaði flugmaður TF-FMS í flugturn og tilkynnti að flogið hafði verið í veg fyrir þá:

**TF-FMS:** *„King2 það er trafik hérna beint fyrir framan okkur.“*



Við rannsóknina kom í ljós að flugmaður TF-IFB, sem ekki hafði séð flugvél TF-FMS beygði í veg fyrir hana á lokastefnunni. Voru báðar flugvélar þá í 700 feta hæð og varð minnsta fjarlægð á milli þeirra 0,1 sjómíla [NM].

Að sögn flugumferðarstjórans taldi hann að flugmaður TF-IFB hefði svarað að hann sæi flugumferðina. Við spilun á upptöku turnstöðu klukkan 15:13:10 reyndist erfitt að greina „not“ í upptökunni. RNSA spilaði því einnig upptöku turntíðnar, en þar heyrir að klukkan 15:13:10 sagðist flugmaður TF-IFB ekki sjá flugumferðina:

**„Traffic is not in sight – India Foxtrot Bravo.“**

Flugumferðarstjórinn virðist því hafa misheyrt að flugmaður TF-IFB sæi flugumferðina.

RNSA beinir eftirfarandi tilmælum til flugmanna:

Að reyna að notast við „Negative“ í stað innskotsorðsins „not“ í talstöðvarfjarskiptum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 8. ágúst 2019.